



E6/2018

**Fyrirspyrjandi:** Norræna sjálfbærnefndin

Til ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands og Noregs

**Skrifleg fyrirspurn um miðstöð til að aðstoða fyrirtæki við að skipta hættulegum efnum út fyrir hættuminni eða hættulaus efni**

Á samráðsfundi umhverfismálaráðherra Norðurlanda (MR-Miljø) og Norrænu sjálfbærnefndarinnar 1. nóvember 2017 kom fram að Svíþjóð áformar að opna miðstöð til að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki við að skipta út hættulegum efnum fyrir hættuminni eða hættulaus efni. Í fréttatilkynningu frá sænsku ríkisstjórninni dagsettri 7. nóvember 2017 stendur m.a. eftirfarandi:

*„Hættuleg efni og efnasambönd í vörum eru stórt vandamál. Margir í Svíþjóð hafa í áranna rás byggt upp þekkingu á sjálfbærri notkun efna og efnasambanda í vörum. Í því skyni að auðvelda samskipti og miðlun þekkingar milli fleiri aðila tekur ríkisstjórnin ákvörðun svo koma megi miðstöð á fót til að aðstoða við að skipta hættulegum efnum út fyrir hættuminni eða hættulaus efni. Miðstöðin verður óháður vettvangur fyrirtækja, samtaka, starfsgreina, háskóla, stofnana og stjórnvalda. Miðstöðinni er ætlað að stuðla að því að hættulegum efnum í vörum og efnavörum verði skipt út.“*

Sænska ákvörðunin er í samræmi við tilmæli Norðurlandaráðs frá árinu 2016 um norrænt samstarf til að stuðla að daglegu lífi án eiturefna á Norðurlöndum.

Með hliðsjón af framangreindu viljum við leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hafa Danmörk, Finnland, Ísland og Noregur sömu þörf fyrir miðstöð til að aðstoða fyrirtæki við að skipta út hættulegum efnum og Svíþjóð hefur?

Danmörk og Finnland sem aðildarríki ESB og Ísland og Noregur sem hafa gengist undir EES-samninginn eru öll háð efnalöggjöf ESB. Norrænt samstarf í umhverfismálum hefur í áranna rás einkennst mikið af nánu samstarfi um efni og efnavörur og Norðurlöndin hafa lagt af mörkum sjónarmið og sérfræðiþekkingu Norðurlanda í bæði evrópsku og alþjóðlegu starfi er varðar efni og efnavörur. Í starfi landanna að efnamálum, ekki síst með tilliti til löggjafar ESB, hafa Norðurlöndin einnig notið góðs af gagnkvæmri miðlun sérfræðiþekkingar, m.a. hvað varðar tilskipanir ESB og reglugerðir. Öll Norðurlöndin taka einnig virkan þátt í samstarfi á vegum Efnastofnunar Evrópu (ECHA).

**DANMÖRK**

Danmörk hefur þegar komið til móts við þessa þörf.

**ÍSLAND**

Vegna tiltölulega fárra íbúa í samanburði við hin Norðurlöndin og þá staðreynd að efnaiðnaður er mjög takmarkaður er magn efna og efnavara mun minna á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Eins og alkunna er eru þó stórir framleiðendur áls og járnblendis á Íslandi. Á þessari stundu eru ekki uppi áform um að koma á fót miðstöð til að stuðla að skiptum á hættulegum efnum fyrir hættuminni eða hættulaus efni í stíl við það sem Svíþjóð hefur gert. Samt er greinileg þörf á að aðstoða fyrirtæki við að skipta hættulegum efnum út fyrir hættuminni efni þar sem þess gefst kostur. Í því skyni að koma til móts við þörfina hefur Umhverfisstofnun komið á fót þjónustuveri fyrir atvinnulífið og almenning þar sem hægt er að leita upplýsinga og ráða varðandi notkun og skipti á hættulegum efnum fyrir

hættuminni eða hættulaus efni. Ávallt er lögð áhersla á miðlun nýjustu upplýsinga um hættuleg efni í því skyni að auka þekkingu og vitund atvinnulífsins og almennings á hvernig megi draga úr notkun hættulegra efna eða skipta þeim út fyrir hættuminni eða hættulaus efni. Þátttaka Íslands í norrænu samstarfi um efni og efnavörur er talin vera mjög gagnleg og af hálfu Íslands væri óskandi að samstarfið um skipti úr hættulegum efnum í hættuminni eða hættulaus efni yrði eftt, ekki hvað síst með tilliti til þeirrar reynslu og þekkingar sem Svíþjóð hefur þegar öðlast með þeirri miðstöð skipta sem lýst er í fyrirspurninni.

## **FINNLAND**

Eigi var talin þörf á sérstakri miðstöð skipta úr hættulegum efnum í hættuminni eða hættulaus efni þegar landsáætluninni var komið á 2006 eða þegar mat var lagt á hana 2017. Hins vegar var talið mikilvægt að leggja áfram áherslu á starfsemi sem er lýst hér á eftir og á þann hátt tryggja góð samskipti milli aðila og stuðning við fyrirtækin.

Landsáætlun um varasöm efni og efnavörur var komið á í Finnlandi árið 2006. Markmið áætlunarinnar er að efni og efnavörurnar valdi ekki heilsufars- og umhverfisvanda svo nokkru nemi í Finnlandi eftir árið 2020. Markmiðið er í samræmi við alþjóðlega áætlun Sameinuðu þjóðanna um efni og efnavörur (SAICM) sem var samþykkt í byrjun febrúar 2012.

Í áætluninni er lagt mat á þann skaða sem efnin og efnavörurnar geta valdið neytendum, lýðheilsu, heilbrigði starfsmanna og umhverfi á vistferli efnisins. Í áætluninni eru lagðar til aðgerðir fyrir áhættustjórnun, sérstaklega á þeim sviðum samfélags og í störfum sem til þessa hefur verið veitt lítil eftirtekt. Áætlunin miðar t.d. að því að ná fram markmiðunum í efnareglugerðum ESB (REACH og CLP) og að nýta nýjar upplýsingar, sem og að bæta mat og meðferð fyrirtækja og annarra rekstraraðila á efnahættu og draga úr þeirri efnahættu sem stafar af vörum.

Eitt af markmiðum áætlunarinnar er stuðningur við skipti á skaðlegum efnum og að draga úr skaðlegum umhverfis- og heilsufarsáhrifum. Áhersla er lögð á sköpun nýrra viðskiptatækifæra í þróun og framleiðslu nýrra vara sem koma í stað þeirra gömlu. Jafnframt batnar viðbúnaður fyrirtækja til að hafa eftirlit með efnum á lista SCHC (*Society for Chemical Hazard Communication*) sem er upplýsingaþjónusta um efnahættu. Ábyrgðin á framkvæmd áætlunarinnar er í höndum ólíkra stofnana og samtaka atvinnulífsins sem starfa og deila upplýsingum sín á milli.

Árlegt eftirlit er með framkvæmd áætlunarinnar og þátttakendur skila skýrslum til ráðgjafarþjónustu um efni og efnavörur í ráðuneyti félags- og heilbrigðismála í Finnlandi.

## **NOREGUR**

Noregur hefur til þessa ekki talið vera þörf á að koma á fót miðstöð til að skipta út hættulegum efnum fyrir hættuminni eða hættulaus efni en mun fylgjast með þróun mála í Svíþjóð og Danmörku. Yfirvöld umhverfismála gera nú þegar kröfur samkvæmt mengunarlöggjöf um skipti á efnum í leyfisbréfum til mengandi fyrirtækja og fylgja því eftir með eftirliti. Skylda til skipta á efnum er lögbundin í löggjöf um eftirlit með vörum og gildir um alla þá sem nota slíkar vörur og á því bæði við um iðnfyrirtæki sem nota vörurnar í framleiðslu sinni og um mörg þjónustufyrirtæki. Upplýsingar um skylduna og eftirlit með því að reglum sé fylgt, stuðlar að því að æ fleiri fyrirtæki leggja mat á þau efni sem þau nota og lýsa eftir heilsusamlegri og umhverfisvænni valkostum. Skylda til skipta á efnum er oft eitt málefna í eftirlitsaðgerðum. Veittar eru upplýsingar um skyldu til skipta á efnum þegar samband er haft við starfsgreinasamtök auk þess sem útbúinn hefur verið leiðarvísir um skipti á efnum sem finna má á vefsíðu norsku umhverfisstofnunarinnar.

2. Ef svarið er já, hafa Danmörk, Finnland, Ísland og Noregur hrint í framkvæmd eða ráðgert aðgerðir til að uppfylla þessa þörf, eða til vara að eiga samstarf við Svíþjóð til að tryggja að öll

fyrirtæki á Norðurlöndum geti fengið aðstoð frá fyrrgreindri miðstöð sem Svíþjóð er að koma á fót?

## DANMÖRK

Dönsk umhverfisyfirvöld komu á fót, með átaki í efnamálum 2014–2018, samstarfi um skipti á efnunum „*Kemi i kredsløb*“ (<http://www.kemiikredsløb.com/>) í því skyni að aðstoða fyrirtæki við að skipta hættulegum efnunum út í vörum sínum og vinnsluferlum.

Í samstarfinu taka þátt tæknistofnunin *Teknologisk Institut* og ráðgjafar- og rannsóknarsamtökin *DHI*, sem helstu styrkþegar, og með verkfræðistofnunina *Institut for Ingeniørvidenskab (AU)*, *Risk and Policy Analysts (RPA)*, *Research Institute of Sweden (RISE)* og lýðheilsustofnunina *Institut for Folkesundhedsvidenskab (KU)* sem samstarfsaðila.

Sameiginlega samstarfið hefur unnið nokkur verkefni, þar á meðal gerð hagnýtra verkfæra fyrir fyrirtæki, skipulag og framkvæmd nokkurra verkefna í fyrirtækjum, sem og aðgerðir til að miðla þörf og tækifærum til skipta á efnunum, m.a. með fréttabréfi og nokkrum málþingum og fundum. Sameiginlega samstarfið hefur einnig komið á fót vettvangi fyrir hópverkjun, sem getur veitt tæknilegar tillögur í tengslum við beint mat á valkostum við skipti á efnunum.

Í tengslum við samkomulagið um nýja sameiginlega átakið í efnamálum 2018–2021 verður hrint af stað átaki um nýsköpun í efnamálum. Átakið styður við nýsköpun í fyrirtækjunum til þess að skipta út óæskilegum efnunum í framleiðslu og vörum fyrir betri valkosti – *green chemistry*. Átakið byggir áfram á reynslunni og niðurstöðum núverandi samstarfs um skipti á efnunum „*Kemi i kredsløb*“.